

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
06 312

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
kt. 501106-0540
Brekustíg 39, 260 Reykjanesbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Hlutverk lögreglu er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.


Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1993,1 milljónir og afkoma kr. -11,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -3,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 221,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Suðurnesjum í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

14. október 2019

Staður, dags.

A large, stylized handwritten signature in blue ink, reading 'Þólfur Jón Þjalarnir'. The signature is written over a horizontal line.

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	1.908.800.000	1.701.244.003
Seld þjónusta		65.171.405	49.347.852
Framlög og ýmsar tekjur	4	10.824.513	17.560.056
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	8.309.558	6.009.535
Tekjur samtals		1.993.105.476	1.774.161.446
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	1.726.699.259	1.519.067.466
Annar rekstrarkostnaður	7	269.914.490	250.596.949
Afskriftir	8	8.309.558	6.009.535
Gjöld samtals		2.004.923.307	1.775.673.950
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(11.817.831)	(1.512.504)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		700	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(50.738)	(56.329)
		(50.038)	(56.329)
Afkoma ársins		(11.867.869)	(1.568.833)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		42.111.633	40.581.678
		<u>42.111.633</u>	<u>40.581.678</u>
		<u>42.111.633</u>	<u>40.581.678</u>
Fastafjármunir samtals		<u>42.111.633</u>	<u>40.581.678</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.874.902	23.463.754
Tengdir aðilar	10	173.102.983	178.744.808
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		202.247	143.625
Handbært fé	11	2.957.566	594.692
		<u>179.137.698</u>	<u>202.946.879</u>
Veltufjármunir samtals		<u>179.137.698</u>	<u>202.946.879</u>
Eignir samtals		<u>221.249.331</u>	<u>243.528.557</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(3.375.466)	8.492.403
		<u>(3.375.466)</u>	<u>8.492.403</u>
Eigið fé samtals		<u>(3.375.466)</u>	<u>8.492.403</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar		4.399.605	8.674.118
Viðskiptaskuldir		14.880.160	38.255.100
Ýmsar skammtímaskuldir	13	156.272.912	147.525.258
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	49.072.120	40.581.678
		<u>224.624.797</u>	<u>235.036.154</u>
Skuldir samtals		<u>224.624.797</u>	<u>235.036.154</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>221.249.331</u>	<u>243.528.557</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(11.867.869)	(1.568.833)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	8.309.558	6.009.535
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(8.309.558)	(6.009.535)
		<u>(11.867.869)</u>	<u>(1.568.833)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		20.530.230	(21.108.739)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(14.627.286)	47.013.951
		<u>5.902.944</u>	<u>25.905.212</u>
		<u>(5.964.925)</u>	<u>24.336.379</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(9.839.513)	(21.255.997)
		<u>(9.839.513)</u>	<u>(21.255.997)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.367.312	(28.344.025)
Fjárfestingarframlag		16.800.000	21.255.997
		<u>18.167.312</u>	<u>(7.088.028)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		2.362.874	(4.007.646)
		<u>594.692</u>	<u>4.602.338</u>
		<u>2.957.566</u>	<u>594.692</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
7 Annar rekstrarkostnaður (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	842.717	785.760
Ferðir, uppihald	15.753.486	10.650.454
Akstur	20.143.178	13.291.064
Sérfræðiþjónusta	12.787.127	6.244.849
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	392.134	300.517
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.361.268	867.012
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	6.727.365	4.998.868
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	58.007.275	37.138.524
Samningsbundin kaup og leiga	2.032	681.068
Afnotagjöld	11.136.832	17.975.846
Leigugjöld	88.500.551	81.127.705
Notkun véla og flutningatækja	456.200	231.400
Verkkaup	11.547.068	15.281.815
Kostnaðarhlutdeild	50.976.515	49.626.919
Áhættutap og bætur	192.690	963.420
Tryggingar, lögboðnar	327.666	63.132
Opinber gjöld	103.823	113.954
Tilfærslur	153.400	37.920
Tapaðar kröfur	47.574	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	163.444.351	166.103.179
Annar rekstrarkostnaður samtals	269.914.490	250.596.949
8 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	8.164.089	5.864.066
Lækninga- og rannsóknartæki	145.469	145.469
	8.309.558	6.009.535
	31.12.2018	31.12.2017
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	42.111.633	40.581.678
	42.111.633	40.581.678
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2018	69.258.044	69.258.044
Viðbætur á árinu	9.839.513	9.839.513
	79.097.557	79.097.557
Afskriftir 1.1.2018	28.676.366	28.676.366
Afskrift ársins	8.309.558	8.309.558
	36.985.924	36.985.924
Staða 31.12.2018	42.111.633	42.111.633

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.914.100.000	1.722.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(5.300.000)	(21.255.997)
Tekjufærsla fjárveitinga	1.908.800.000	1.701.244.003
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.309.558	6.009.535
	<u>1.917.109.558</u>	<u>1.707.253.538</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum	1.759.600.000	0	0	1.759.600.000
Launbætur	18.100.000	0	0	18.100.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(5.300.000)	0	0	(5.300.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	136.400.000	0	0	136.400.000
Fjárveiting til tekna	1.908.800.000	0	0	1.908.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.920.667.869)	0	0	(1.920.667.869)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(11.867.869)	0	0	(11.867.869)

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	12.251.584
Ýmsar tekjur	10.824.513	5.308.472
	<u>10.824.513</u>	<u>17.560.056</u>

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	1.376.072.084	1.221.746.820
Orlof, breyting	26.849.649	10.440.955
Launatengd gjöld	316.388.207	280.175.732
Starfsmannakostnaður	7.389.319	6.703.959
	<u>1.726.699.259</u>	<u>1.519.067.466</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	151,5	137,0
------------------------------	-------	-------

7 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.017.578	1.749.143
Byggingarvörur, almennar	141.245	402.874
Tæki og búnaður til innréttinga	10.717	0
Ýmis tæki og áhöld	3.392.932	3.917.840
Varahlutir og viðhaldsvörur	101.910	60.859
Orkugjafar	7.498.534	8.593.020
Matvæli	20.136.400	17.861.875
Almennar rekstrarvörur	14.272.240	13.574.736
Vörukaup, almenn	47.571.556	46.160.347
Rannsóknarstofuefni	667.255	326.640
Ýmsar sérgreindar vörur	224.053	868.259
Vörukaup, sérgreind	891.308	1.194.899

Skýringar

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	26.671.911	46.644.081
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	27.642.690	13.312.345
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	118.788.382	118.788.382
	<u>173.102.983</u>	<u>178.744.808</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	4.399.605	8.674.118
	<u>4.399.605</u>	<u>8.674.118</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	23.192	47.387
Tékkareikningar	2.934.374	547.305
	<u>2.957.566</u>	<u>594.692</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 13,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	8.492.403	(108.727.146)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	118.788.382
Afkoma ársins	(11.867.869)	(1.568.833)
Jöfnuður 31.12.	<u>(3.375.466)</u>	<u>8.492.403</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 118,8 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrir mælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	156.078.986	129.229.337
Ógreidd laun	0	18.295.921
Önnur ógreidd gjöld	193.926	0
	<u>156.272.912</u>	<u>147.525.258</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	42.111.633	40.581.678
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	6.960.487	0
	<u>49.072.120</u>	<u>40.581.678</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	40.581.678	0	40.581.678
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	11.500.000	11.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		5.300.000	5.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9.839.513	(9.839.513)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(8.309.558)</u>	<u>0</u>	<u>(8.309.558)</u>
	<u>42.111.633</u>	<u>6.960.487</u>	<u>49.072.120</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 8,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til allt að ársloka 2030 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu 3 ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 29,8 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 9,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Embættinu bárust upplýsingar eftir reikningsskiladag, að staða þess við bílamiðstöð Ríkislögreglustjóra sé neikvæð um nokkrar milljónir. Samkvæmt venju þá mun staða embættisins jafnast út með tímanum. Hins vegar ber að hafa í huga að bílamál lögreglu eru til skoðunar og kann það að leiða til þess að rekstur bílamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra verði með öðrum hætti. Uppgjör getur leitt til þess að lokastaða í árslok 2019 verði neikvæð um allt að 19 milljónum. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur hvorki staðfest né hafnað þeim útreikningum sem settar hafa verið fram. Það er mat embættisins að ekki sé rétt að setja fjárhæðirnar í ársreikning 2018, en þó sé rétt að geta þess í skýringum.